



# Handbók um doktorsnám

---

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

2017



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

## Yfirlit

<b>Handbók</b> .....	2
Almennt um doktorsnám í Háskóla Íslands .....	2
Starfsfólk Viðskiptafræðideildar .....	2
Um Viðskiptafræðideild.....	2
Doktorsnámsnefnd Viðskiptafræðideildar .....	2
Doktorsnemar í Viðskiptafræðideild .....	2
Brautskráðir doktorar .....	2
Miðstöð um framhaldsnám .....	2
<b>Umsókn</b> .....	3
Inntökuskilyrði .....	3
Leiðbeinandi .....	3
Umsókn og fylgigögn .....	3
Skráning og greiðsla skrásetningargjalds.....	4
Notendanafn og lykilorð í Uglu.....	4
<b>Upplýsingar</b> .....	5
Réttindi og skyldur doktorsnema .....	5
Kynning á verkefnum doktorsnema.....	5
Styrkir .....	6
Vinnuaðstaða.....	6
Samfélag doktorsnema.....	6
<b>Námslok</b> .....	7
Skil og frágangur doktorsritgerða.....	7
Doktorsnefnd.....	7
Andmælendur við doktorsvörn .....	8
Doktorsvörn.....	8
Doktorsskjal .....	9
Ýmsir tenglar .....	9

## Handbók

Handbók þessi er ætluð þeim sem hyggja á doktorsnám í Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Handbókin veitir almennar upplýsingar um námið og byggir á reglum Háskólans um doktorsnám. Handbókin hefur að geyma hagnýtar vefslóðir og tilvísanir í upplýsingar og reglu. Einnig er að finna lýsingar á þáttum eins og umsókn, framvindu og lokum doktorsnáms.

Þórunn Björg Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri tók handbókina saman í samráði við Doktorsnámsnefnd deildarinnar.

### **Almennt um doktorsnám í Háskóla Íslands**

Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands

### Starfsfólk Viðskiptafræðideildar

Skrifstofur kennara Viðskiptafræðideildar eru á 2.h. í Gimli.

### **Um Viðskiptafræðideild**

Skrifstofa Viðskiptafræðideildar

Gimli v/ Sæmundargötu

Sími: 525 4500

Opnunartími: 10.00 – 12 og 13.00 – 15.30

Netfang: [vidoghag@hi.is](mailto:vidoghag@hi.is)

### **Doktorsnámsnefnd Viðskiptafræðideildar**

Dr. Erla Sólveig Kristjánsdóttir, lektor (formaður)

Dr. Gylfi Magnússon, dósent

Dr. Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor

Varamaður:

Dr. Snjólfur Ólafsson,

prófessor

### Doktorsnemar í Viðskiptafræðideild

### Brautskráðir doktorar

### **Miðstöð framhaldsnám**

Hlutverk Miðstöðvar framhaldsnáms er að tryggja og efla gæði doktorsnáms í Háskóla Íslands og stuðla að viðgangi þess í samræmi við ákvarðanir háskólaráðs.

<http://vefsetur.hi.is/midstodframhaldsnams/>

## Umsókn

Doktorsnám er skipulagt af fræðasviðum og deildum Háskólans og bera deildirnar ábyrgð á innihaldi þess, uppbyggingu og framkvæmd. Nánari upplýsingar um einstök atriði sem að náminu lúta er að finna í kennsluskrá Háskóla Íslands, á viðkomandi fræðasviði og deild og í sérreglum um doktorsnám fræðasviða og deilda, sem nemendum ber að kynna sér vel.

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands býður upp á doktorsnám í viðskiptafræði. Um er að ræða að minnsta kosti 180 eininga nám sem lýkur með Ph.D. gráðu.

Doktorsnám í Viðskiptafræðideild byggist að mestu á sjálfstæðum rannsóknum nemenda undir handleiðslu kennara. Gert er ráð fyrir að nemendur sækji námskeið eftir þörfum við Háskóla Íslands og aðra viðurkennda háskóla.

Hægt er að sækja um doktorsnám í Viðskiptafræðideild rafrænt í umsóknarkerfi HÍ.  
[http://www.hi.is/skolinn/umsokn\\_um\\_nam](http://www.hi.is/skolinn/umsokn_um_nam)

Umsóknarfrestur er að öllu jöfnu til 15. apríl og 15. október fyrir íslenska umsækjendur en 1. febrúar fyrir erlenda umsækjendur.

Hægt er að fá nánari upplýsingar hjá verkefnisstjóra doktorsnáms Viðskiptafræðideildar.

### Umsókn og fylgigögn

- Rafræn umsókn
- Staðfest afrit af prófskírteinum
- Náms- og starfsferilskrá
- Nöfn tveggja meðmælenda
- Frumdrög að rannsóknaráætlun ásamt tímaáætlun, 5-10 bls.
- Greinargerð um faglegar og fjárhagslegar forsendur umsækjanda til þess að leggja stund á námið
- Greinargerð um aðstæður umsækjanda til þess að sinna náminu
- Ósk um tiltekinn leiðbeinanda ef við á

### Inntökuskilyrði

Að jafnaði skal umsækjandi hafa lokið meistaraprófi eða sambærilegu prófi í viðskiptafræði, hagfræði eða skyldum greinum með fyrstu einkunn (7,25), til að fá inngöngu í námið. Mikilvægt er að fyrirhugaðar rannsóknir nemandans falli vel að sérsviði og þekkingu kennara við deildina. Samþykki leiðbeinanda er forsenda inngöngu í doktorsnám.

Óheimilt er að samþykkja starfsmann deildar í doktorsnám í Viðskiptafræðideild.

### Leiðbeinandi

Leiðbeinandi doktorsnema skal vera fastráðinn kennari (prófessor, dósent eða lektor) í Háskóla Íslands. Leiðsögn með doktorsnemum eiga þeir einir að hafa sem lokið hafa doktorsprófi eða jafngildi

Þess. Leiðbeinendur skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

Þegar við á getur doktorsnemi haft tvo leiðbeinendur, aðalleiðbeinanda og með-leiðbeinanda. Aðalleiðbeinandi skal ávallt vera fastráðinn kennari við Háskóla Íslands en heimilt er að meðleiðbeinandi starfi utan háskólans.

### **Skráning og greiðsla skrásetningargjalds**

Skráning og greiðsla árlegs skrásetningargjalds er forsenda þess að nám geti hafist eða haldið áfram.

Greiðsluseðill fyrir skrásetningargjaldi er sendur umsækjanda þegar umsókn hans hefur verið samþykkt. Greiðsluseðillinn birtist í heimabanka. Umsækjandi telst skráður þegar greiðsla hefur verið innt af hendi.

Eftir að nemandi hefur verið samþykktur í doktorsnám ber hann sjálfur ábyrgð á árlegri skráningu sinni í námið og einstök námskeið og greiðslu skrásetningargjalds ár hvert. Nemandi ber að skrá sig í mars/apríl ár hvert fyrir komandi háskólaár og greiða skrásetningargjaldið.

Sinni nemandi ekki skráningu fellur hann niður af stúdentatali Háskólans. Aðeins þau námskeið sem leiðbeinandi samþykkir eða eru áskilin, t.d. samkvæmt námsáætlun, teljast með á endanlegum námsferli til doktorsprófs.

### **Notandanafn og lykilorð í Uglu, innri vef Háskóla Íslands**

Þegar skrásetningargjald hefur verið greitt getur nemandi sótt sér netfang og lykilorð til að virkja Uglu, innri vef skólans.

Nemendur við Háskóla Íslands þurfa að hafa notandanafn og lykilorð að Uglu, innra kerfi Háskólans. Notandanafn er jafnframt tölvupóstfang nemenda í skólanum (notandanafn@hi.is).

Mjög mikilvægt er að nemendur noti hi-netfang sitt þar sem það er opinber samskiptaleið skólans, þ.m.t. fræðasviða og deilda, við nemendur sína.

Hér getur þú sótt notandanafn og lykilorð þegar skrásetningargjald hefur verið greitt

## Upplýsingar

### Réttindi og skyldur doktorsnema

Doktorsnemar njóta þeirra réttinda og axla þær skyldur sem í því felst að vera nemandi við Háskóla Íslands. Eðli máls samkvæmt ber doktorsnemum eins og öðrum stúdentum og starfsmönnum að fara að reglum Háskólans og ber að forðast að hafast nokkuð það að í námi sínu eða framkomu innan og utan skólans sem er þeim til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á nám þeirra eða Háskóla Íslands.

Doktorspróf er æðsta prófgráða sem háskóli veitir. Mikilvægt er að doktorsnemar kynni sér vel þær reglur og siði sem akademískt starf lýtur og temji sér í hvívetna viðurkennd fræðileg vinnubrögð.

Í siðareglum Háskóla Íslands eru tilgreind atriði sem lúta nánar að þessum þáttum. [Sjá nánar siðareglur Háskóla Íslands.](#)

### Reglur

[Reglur um doktorsnám við Félagsvísindasvið og Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.](#)

### Námsáætlun og námsframvinda

Doktorsnám í viðskiptafræði er að lágmarki 180 einingar (ECTS) og er a.m.k. þriggja ára fullt nám. Stundi doktorsnemi námið að hluta getur námið tekið allt að fimm árum.

### Námsáætlun fyrir næsta skólaár og framvinduskýrsla síðasta skólaár

Doktorsnemendur gera námsáætlun og velja námskeið í samráði við leiðbeinanda sinn. Skýrslu um námsáætlun fyrir n.k. skólaár og framvinduskýrslu síðasta skólaárs ber að skila fyrir 15. júní sbr. 10. gr. reglna um doktorsnám á Félagsvísindasviði.

Skýrslunum skal skilað til doktorsnámsnefndar Viðskiptafræðideildar á netfangið [thbg@hi.is](mailto:thbg@hi.is)

Eyðublöð fyrir námsáætlun og framvinduskýrslu má nálgast á vef Félagsvísindasviðs.

[http://www.hi.is/felagsvisindasvid/eydublod\\_0](http://www.hi.is/felagsvisindasvid/eydublod_0)

### Kynningar á verkefnum doktorsnema

Að loknu fyrsta ári og á meðan á doktorsnámi stendur skulu doktorsnemendur kynna verkefni sín einu sinni á ári á vettvangi deildar eða fræðasviðs.

Rannsóknarmálstofur Viðskiptafræðistofnunar eru kjörinn vettvangur fyrir slíkar kynningar, en Vorráðstefna Viðskiptafræðistofnunar, Þjóðarspegillinn og doktorsnemadagur Félagsvísindasviðs koma einnig til greina.

## **Styrkir**

### **Doktorsstyrkur Viðskiptafræðideildar**

<http://www.hi.is/vidskiptafraedideild/rannsoknarstyrkir>

### **Upplýsingar um sjóði Háskólan Íslands**

[http://sjodir.hi.is/styrktarsjodir\\_haskola\\_islands](http://sjodir.hi.is/styrktarsjodir_haskola_islands)

[http://sjodir.hi.is/doktorsstyrkir\\_haskola\\_islands](http://sjodir.hi.is/doktorsstyrkir_haskola_islands)

### **Umsókn um styrk til að fara á ráðstefnu:**

[http://www.hi.is/felagsvisindasvid/eydublod\\_0](http://www.hi.is/felagsvisindasvid/eydublod_0)

### **Aðrir styrkir sem mögulegt er að sækja um:**

<http://www.hi.is/felagsvisindasvid/styrkir>

### **Erasmus+ styrkir til starfsþjálfunar**

[http://www.hi.is/skrifstofa\\_althjodasamskipta/erasmus\\_styrkir\\_til\\_starfsthjalfunar](http://www.hi.is/skrifstofa_althjodasamskipta/erasmus_styrkir_til_starfsthjalfunar)

### **Rannís**

<http://farabara.is/styrkir/>

### **Vinnuaðstaða**

Doktorsnemar á Félagsvísindasviði geta sótt um vinnuaðstöðu. Eyðublað er á heimasíðu sviðsins

[http://www.hi.is/felagsvisindasvid/eydublod\\_0](http://www.hi.is/felagsvisindasvid/eydublod_0).

Umsókn skal skilað til verkefnisstjóra doktorsnáms í Viðskiptafræðideild, Þórunnar Bjargar

Guðmundsdóttur, [thbg@hi.is](mailto:thbg@hi.is).

### **Samfélag doktorsnema**

Við Háskóla Íslands er starfrækt félag doktorsnema og nýdoktora sem hefur þann tilgang að vinna að hagsmunamálum doktorsnema og nýdoktora.

<https://nemendafelog.hi.is/fedon/>

Seigla, félag doktorsnema á Félagsvísindasviði var stofnað í 12. febrúar 2014, í því eru allri doktorsnemar á sviðinu.

<http://nemendafelog.hi.is/fdf/>

## Námslok

Doktorsnemi lýkur rannsóknum sínum með viðamikilli ritgerð. Til doktorsritgerða eru gerðar kröfur um vísindaleg vinnubrögð og sjálfstætt framlag til þekkingarsköpunar á fræðasviðinu. Meginreglan er sú að doktorsritgerð sé eitt heildstætt verk. Einnig er heimilt, skv. reglum deilda Félagsvísindasviðs, að leggja fram greinasafn sem myndar eina fræðilega heild. Ef birtar fræðigreinar eru lagðar fram sem doktorsritgerð í Viðskiptafræðideild er miðað við að þær séu að jafnaði 3-5. Þar að auki skal í upphafi vera sérstök yfirlitsgrein þar sem gerð er grein fyrir meginatriðum greinanna, heildarályktunum og niðurstöðum. Að jafnaði skal doktorsnemi vera fyrsti höfundur greina.

Þegar leiðbeinandi og doktorsnefnd telja doktorsverkefni tækt til varnar óska þeir eftir því skriflega við doktorsnámsnefnd að verkefnið verði lagt fram til doktorsvarnar. Um leið og ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram staðfest námsferilsyfirlit stúdents. Doktorsnámsnefnd sendir skriflega rökstutt álit til deildar um það hvort gefa skuli doktorsnema kost á að leggja ritgerð fram til varnar.

Telji deildin ritgerðina tæka til doktorsvarnar tilnefnir hún að tillögu doktorsnámsnefndar, að fenginni umsögn Miðstöðvar framhaldsnáms, tvo andmælendur við munnlega vörn ritgerðarinnar.

### Skil og frágangur doktorsritgerða

Doktorsefni skal skila 15 eintökum til deildarinnar. Að jafnaði skal ritgerð liggja frammi á skrifstofu fræðasviðs/deildar og á Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni í fjórar vikur áður en vörn fer fram.

Við frágang doktorsritgerðar skal koma skýrt fram í inngangskafla ritgerðar, að verkefnið sé unnið við Háskóla Íslands, leiðbeinendur, fræðasvið, deild og, ef við á, rannsóknastofnun tilgreind og geta skal þeirra sjóða Háskóla Íslands sem styrkt hafa verkefnið og þeirra stofnana eða fyrirtækja utan Háskólans sem doktorsefni hefur tengst við vinnslu þess.

Ritgerð skal vera á íslensku eða ensku og útdráttur á báðum tungumálum skal fylgja. Ritgerð má vera á öðru erlendu tungumáli ef doktorsnámsnefnd samþykkir og deild getur veitt doktorsefni leyfi til að tala erlent mál við doktorsvörn. Við frágang og meðferð heimilda skal doktorsefni að öðru leyti fylgja reglum þeirrar deildar sem það brautskráist frá. Forsíða ritgerðar skal bera auðkenni (logo) Háskóla Íslands og er ekki heimilt að auðkenni (logo) annarra stofnana en viðurkenndra háskóla séu á forsíðu. Ef um sameiginlega doktorsgráðu er að ræða með öðrum viðurkenndum háskóla eða háskólum samkvæmt samningi þar um, ber forsíða ritgerðar auðkenni beggja eða allra háskóla sem hlut eiga að máli.

### Sniðmát fyrir doktorsritgerð

Doktorsefni ber ábyrgð á útgáfu ritgerðar og annast lögbundin skil á henni til Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns. Viðskiptafræðideild veitir styrk til útgáfunnar. Gert er ráð fyrir að rafrænt eintak sé vistað í gagnasafni Skemmu sem safnið rekur.

### Doktorsnefnd

Doktorsnefnd skal skipuð leiðbeinanda og tveimur til fjórum sérfræðingum á fræðasviði ritgerðar. Leiðbeinandi er formaður doktorsnefndar. Doktorsnefnd skal skipuð að tillögu leiðbeinanda og samþykkt af doktorsnámsnefnd Viðskiptafræðideildar. Skal hún skipuð eigi síðar en 18 mánuðum áður en doktorsnemi hyggst ljúka námi.



## **Andmælendur við doktorsvörn**

Andmælendur við doktorsvörn skulu vera tveir óháðir aðilar, sem ekki eiga sæti í doktorsnefnd. Faglegar kröfur til andmælanda eru hliðstæðar kröfum til þeirra sem sitja í doktorsnefndum eða eru umsjónarkennarar og leiðbeinendur í doktorsnámi. Einungis þeir sem hafa lokið doktorsprófi eða áunnið sér jafngildi þess geta verið andmælendur við doktorsvarnir. Almennt er kveðið á um að andmælendur séu óháðir aðilar og að a.m.k. annar þeirra skuli vera utan deildar og æskilegt sé að hann komi frá öðrum háskóla. Þeir skulu vera alþjóðlega viðurkenndir sérfræðingar í viðfangsefni doktorsritgerðarinnar og hafa víðtæka reynslu af birtingu vísindarita.

## **Mat á doktorsritgerð**

Almennt gildir að andmælendur fá ritgerðina í hendur með þriggja mánaða fyrirvara áður en fyrirhuguð vörn fer fram. Að tilskildum tíma liðnum er gert ráð fyrir að þeir hafi sent rökstudda umsögn til viðkomandi deildar, auk þess sem doktorsnemi fær afrit, um það hvort þeir telji að ritgerðin sé tæk til varnar að þeirra mati, ásamt ábendingum um breytingar, séu þær einhverjar.

Forsendur þess að doktorsvörn sé haldin er að doktorsnemandi hafi gert viðunandi lagfæringar að mati andmælanda og leiðbeinanda.

Í 14. Gr. reglna um doktorsnám á Félagsvísindasviði eru upplýsingar um skil og frágang doktorsritgerða.

## **Doktorsvörn**

Doktorsefni ver ritgerðina í Háskólanum í heyranda hljóði á þeim degi sem deildin ákveður. Kennslustjóri Félagsvísindasviðs og deildarforseti Viðskiptafræðideildar sjá um framkvæmd doktorsvarnar, ákveða stað og stund og sjá til þess að vörnin sé auglýst.

Doktorsvörn hefst með aðfararorðum deildarforseta sem vörninni stýrir. Því næst hefst hin eiginlega doktorsvörn með fyrirlestri doktorsefnis þar sem rannsóknarverkefnið er kynnt, helstu forsendur, fræðilegir og kenningalegir þættir, aðferðafræði, rök og niðurstöður. Fyrirlesturinn er að jafnaði 20-30 mínútna langur og ber doktorsefni að halda sig innan settra tímamarka.

Að loknum málfutningi doktorsefnis taka andmælendur til máls, samkvæmt fyrirfram gerðu samkomulagi. Andmælendur meta sjálfir hvernig þeir haga yfirferð yfir rannsókn og ritgerð doktorsefnisins og geta í framsögu sinni og spurningum til doktorsefnis beitt skýringarmyndum eða öðrum hjálpartækjum. Andmælendur eru beðnir um að fjalla stuttlega um almennt mikilvægi verksins, hvernig rannsókn doktorsefnisins tengist stöðu nýrrar þekkingar á fræðasviðinu og leggja mat á aðferðafræði verkefnisins, aðferðir og niðurstöður þess. Þegar andmælandi hefur lokið yfirferð sinni leggur hann spurningar fyrir doktorsefnið með það fyrir augum að skapa samræður fremur en langar einræður frá andmælanda og löng svör frá doktorsefninu.

Að loknu fyrirlestrahaldi, andmælum og svörum, tilkynnir deildarforseti að hann ásamt andmælendum muni víkja frá til að fjalla um hvort vörnin skuli dæmd gild og hvort veita skuli doktorsnafnbót.

Nánari lýsing á framkvæmd doktorsvarna er í verklagsreglum háskólaráðs.

## **Doktorsskjal**

Að tekinni ákvörðun um að doktorsefni hafi staðist doktorsprófið fær deildarforseti doktor í hendur doktorsskjal, sem forseti fræðasviðs og deildarforseti undirrita.

## **Ýmsir tenglar**

EUA-European Univeristy Association eru samtök háskóla í Evrópu. Sérstakur félagsskapur hefur verið stofnaður utan um þá skóla sem hafa doktorsnám.

Háskóli Íslands er aðili að þessum samtökum. Ýmsar gagnlegar upplýsingar um doktorsnám almennt má finna á heimasíðu þessara samtaka. EUA - CDE (<http://www.eua.be/activities-services/publications.aspx>)

NordForsk (<http://www.nordforsk.org/no>) er stofnun sem heyrir undir Norrænu ráðherranefndina. Stofnunin fjármagnar norrænt rannsóknasamstarf og veitir ráð og tillögur um norræna vísindastefnu.

Samtök doktorsnema í Evrópu (<http://www.eurodoc.net/>)